


37.tbl.

27. okt. 2021

28 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@jisl.is - s: 8953386



## Árshátið Stórutjarnaskóla

Árshátið Stórutjarnaskóla verður haldin  
**fimmtudagskvöldið 11. nóvember og hefst kl 20:00**

Sýnd verða verkin *Skilaboðaskjóðan* og *Stafakarlarnir*

Aðgangur kr 3000- veitingar innifaldar

frítt fyrir börn á leik- og grunnskólaaldri

Allur ágóði rennur í ferðasjóð útskriftarnema

Ath. ekki er tekið við greiðslukortum

**Sjoppa og dans á eftir**

*Allir hjartanlega velkomnir*

*Nemendur og starfsfólk*



## Guðsþjónusta verður í Skútustaðakirkju

næstkomandi sunnudag 31.október, klukkan 11:00 árdegis. Michael Weaver leikur á klarinett. Organisti og kórstjóri er Attila Szebik.

„Sá máttur fylgir Meistarans höndum,  
að leysa fjötraða fegurð úr böndum.

(Davíð Stefánsson)

Eigum notarlega stund í kirkjunni okkar!  
Verið velkomin!



## Þingeyjarsveit auglýsir.

Rjúpnaveiði er bönnuð á Landi jarðarinnar  
Þeistareykja nema með leyfi.

Bent er á hlunnindi.is sem selur veiðileyfi á Þeistareykjum.

## Velferðasjóður Þingeyinga

vill þakka fyrir styrki og velvild í garð sjóðsins, styrki frá fyrirtækjum, félagasamtökum og einstaklingum, sem hafa haldið sjóðnum gangandi.

Velvilji ykkar er ómetanlegur!

Við söfnum umsóknum um aðstoð hjá sjóðnum saman fram til 20. hvers mánaðar og er úthlutað eftir það. Allir sem búa í Þingeyjarsýslu, norður og suður, geta sótt um styrk. Úthlutani eru alfarið í formi matarkorta sem nota má í Nettóverslunum.

Umsóknir berist til: [rkihusavik@simnet.is](mailto:rkihusavik@simnet.is)

Allt fé sem inn kemur rennur til að aðstoða nauðstadda hér á okkar svæði.

Bankareikningur okkar er 1110-05-402610  
Kennitala er 600410-0670

Bestu haustkveðjur og fyrirfram þakklæti fyrir stuðninginn og velvild við sjóðinn.

Stjórnin



## Fundargerð

### 306. fundur sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar haldinn í Seiglu, fimmtudaginn 14. október 2021, kl. 13:00.

#### Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Árni Pétrur Hilmarsson, Jóna Björg Hlöðversdóttir, Friðrika Sigurgeirsdóttir, Sigurbjörn Árni Arngríms-son, Sigríður Hlynur Helguson Snæbjörnsson og Dagbjört Jónsdóttir.

Fundargerð ritaði: Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri.

#### Dagskrá:

##### 1. Aurskriður í Útkinn - 2110014

Umræða tekin um aurskriðurnar í Útkinn en 2. október félru fyrstu skriðurnar, stórar og miklar skriður m.a. á Björgum, Nípá og Geirbjarnar-stöðum. Um er að ræða miklar hamfarir og enn ekki ljóst hversu mikiljótið tjónið er. Sveitarstjóri og oddviti heimsóttu bændur s.l. sunnudag og föru yfir stöðuna með þeim.

*Sveitarstjórn samþykkti í tölvupósti milli funda að skipa starfshóp sem tengilið við bændur og til að vera í samskiptum við ríkið og stofnanir þess varðandi það uppbyggingarstarf sem framundan er. Í starfshópnum sitja sveitarstjóri, oddviti og verkefnastjóri framkvæmda hjá sveitarféluginu. Sveitarstjórn staðfestir afgreiðsluna.*

##### 2. Breyting á nefndarskipan í Fræðslunefnd - 1806011

Fyrir liggur breyting á nefndarskipan í Fræðslunefnd vegna flutninga.

Eftirfarandi tillaga liggur fyrir:

*Í Fræðslunefnd taki Heiða Guðmundsdóttir (A) sæti aðalmanns í stað Hönnu Sigrúnar Helgadóttur (A) sem er flutt úr sveitarféluginu og Berg-lind Ýr Gunnarsdóttir (A) taki sæti fyrsta varamanns í stað Heiðu Guð-mundsdóttur.*

*Sveitarstjórn samþykkir tillöguna samhljóða.*

##### 3. Útsýn ehf.: Umsögn vegna umsóknar um endurnýjun á rekstrarleyfi - 2110011

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra dags. 27.09.2021 þar sem Jón Baldur Þorbjörnsson, forsvarsmaður Útsýnar ehf. sækir um endurnýjun á leyfi til reksturs gististaða í flokki II-C, minna gistiheimil í Hamragili í Fnjóskadal.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við veitt rekstrarleyfi með fyrirvara um að jákvæðar umsagnir berist frá byggingarfulltrúa og heilbrigðis og eldvarnareftirlitini, sbr. b-lið 7. gr. laga nr. 67/2016, um breytingu á lögum nr. 85/2007.*

##### 4. Tjarnir hf.: Aðalfundarboð 2021 - 1908037

Aðalfundarboð Tjarna hf. var afgreitt í tölvupósti milli funda þar sem sveitarstjórn samþykkti að oddviti færí með umboð sveitarfélagsins á fundinum.

*Sveitarstjórn staðfestir afgreiðsluna.*

## **5. Friðlýsing dropsteinshella á Þeistareykjum: Tillögur um afmörkun - 2011002**

Lagðar fram tvær tillögur frá starfshópi um valkostí afmörkunar friðlýsingar á dropsteinshellum í Þeistareykjahrauni. Tillaga 1 er að friðlýsa hellana sem nú eru þekktir og búið er að loka, friðlýsa hellisopin og nærliggjandi svæði, þ.e. hellisloftin. Tillaga 2 er að horfa til stærra svæðis.

*Sveitarstjórn samþykkir tillögu 1 að því gefnu að gengið verði frá ásættanlegum friðlýsingarskilmálum. Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að vinna að framgangi málsins.*

## **6. Skipulags- og umhverfisnefnd: Fundargerð - 1804018**

Lögð fram fundargerð 141. fundar Skipulags- og umhverfisnefndar frá 7.10.2021. Jóna Björg Hlöðversdóttir gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í þremur liðum.

1. liður fundargerðar; Bústaðir, umsókn um byggingarleyfi - 2108010  
*Sveitarstjórn telur fyrirhuguð byggingaráform samræmast ákvæðum i skipulagsreglugerð og felur byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi við Bústaði eins og lög og reglur mæla fyrir um.*

2. liður fundargerðar; Laugaból, landskipti - 2110002

*Sveitarstjórn samþykkir tillögu skipulags- og umhverfisnefndar vegna umsóknar um landskipti og felur byggingarfulltrúa að annast málsmeðferð vegna hennar eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.*

3. liður fundargerðar; Arnarstaðir lóð, nafnabreyting - 2110003

*Sveitarstjórn samþykkir tillögu skipulags- og umhverfisnefndar vegna umsóknar um nafnabreytingu og felur byggingarfulltrúa að annast málsmeðferð vegna hennar eins og lög og reglugerðir mæla fyrir um.*

Fundargerðin staðfest að öðru leyti.

## **7. Atvinnumálanefnd: Fundargerð - 1810033**

Lögð fram fundargerð 31. fundar Atvinnumálanefndar frá 07.10.2021.

Árni Pétur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í einum lið.

*Sveitarstjórn samþykkir tillögu nefndarinnar um að hefja skipulagða rjúpnaveiði á Þeistareykjum með takmörkuðum fjölda leyfa gegn gjaldi. Samþykkt að salan fari fram á vefsíðunni hlunnindi.is. Rjúpnaveiði verður því óheimili á Þeistareykjum án leyfis. Samþykkt að Sæþór Gunnsteinsson verði tengiliður sveitarfélagsins við veidimenn. Sveitarstjóra falið að auglýsa skipulagða rjúpnaveiði á Þeistareykjum í þar til bærum miðlum.*

## **8. SSNE: Líforkuver - 2109028**

Lagt fram öðru sinni erindi frá Samtökum sveitarfélaga á norðurlandi eystra (SSNE), dags. 15.09.2021 um fjárframlag til stofnunar einkahlutafélags um Líforkuver.

Á fundi stjórnar SSNE þann 11. ágúst sl. var samþykkt að stofna einkahlutafélag til að halda utan um verkefnið „Líforkuver“ og að félagið verði vistað undir hattí SSNE. Stofnfé af hálfu SSNE verður framlag áhersluverkefnis umhverfismála, 3 m.kr. að viðbættum 5 m.kr. styrk frá Umhverfisráðuneytinu vegna eflingar hringrásarhagkerfisins.

Stjórn óskar eftir 12 m.kr. fjárframlagi frá sveitarfélögum á starfssvæði SSNE í hlutfalli við íbúafjölda til þess að fjármagna að fullu hagkvæmni-

mat sem áætlað er að kosta muni 20 m.kr. Óskað er eftir því að Þingeyjarsveit leggi kr. 335.000 til verkefnisins sem um leið verður hlutafé sveitarfélagsins í einkahlutafélagið um Líforkuver.

*Sveitarstjórn samþykkir að leggja kr. 335.000 til verkefnisins en telur eðli-legra að um beinan styrk til verkefnisins verði að ræða fremur en framlag til óstofnaðs einkahlutafélags, enda verði skýrslan sem hagkvænnimatið skilar í sameiginlegri eigu sveitarfélaganna á starfssvæði SSNE.*

#### **9. Vetrarhátið við Mývatn: Styrkbeiðni - 2110010**

Lögð fram styrkbeiðni frá Úllu Árdal og Soffru K. Jónsdóttur, f.h. Mývatnsstofu, dags. 09.10.2021 vegna Vetrarhátiðar við Mývatn 2022. Óskað er eftir styrk að fjárhæð 960.000 kr. til að stækka og byggja hátiðina enn frekar upp m.a. með viðburðum í Þingeyjarsveit.

*Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.*

#### **10. Framhaldsskólinn á Laugum: Listir og skapandi greinar - 21-10012**

Lagt fram erindi frá Olgu Hjaltalín Ingólfssdóttir og Freydísi Önnu Arngrímsdóttur, f.h. Framhaldsskólans á Laugum, dags. 11.10.2021 þar sem óskað er eftir aðgangi að tækjum og tólum í eigu Þingeyjarsveitar, staðsett í Seiglu og gæti nýst vel til lista og skapandi greina við skólan.

*Sveitarstjórn samþykkir erindið og felur sveitarstjóra að vinna málið áfram.*

#### **11. Fjárfestingarfélag Þingeyinga - 2110013**

Tekið fyrir erindi frá Fjárfestingarfélagi Þingeyinga hf. dags. 06.10.2021 um mögulega framtíð þess.

*Sveitarstjórn vísar til fyrri bókunar frá 286. fundar sveitarstjórnar þann 24. september 2020.*

#### **12. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð - 1804006**

Fundargerð 901. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

*Lögð fram til kynningar.*

#### **13. Héraðsnefnd Þingeyinga: Fundargerð - 1804023**

Fundargerð 26. fundar framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Þingeyinga bs.

*Lögð fram til kynningar.*

#### **14. Norðurá bs.: Tillaga um brennsluofn - 2109030**

Bréf frá stjórn Norðurár bs. um tillögu um brennsluofn.

*Lagt fram til kynningar.*

Fundi slitið kl. 15:13

# Tónleikar Kvennakórsins Emblu.



Skjólbrekku við Mývatn laugardaginn 30. október kl.16.00.

Í þetta sinn syngjum við nokkrar af okkar ástsælustu íslensku söngperlum eftir mörg okkar þekktustu tónskáld, sem allir þekkja og elskar.

Þetta er unaðsleg tónlist við ljóð margra okkar vinsælustu ljóðskálða.

Einsöngvari með kórnum er sópransöngkonan Margrét Árnadóttir.

Helga Kvam leikur á flygilinn.

Roar Kvam stjórnar.



## Jólamarkaður í Vaglaskógi.

Árlegur jólamarkaður í samstarfi Skógræktarinnar á Vöglum og handverksfólks í Þingeyjarsveit verður haldinn laugardaginn 11. desember n.k. í Vaglaskógi.

Handverksfólk og aðrir sem áhuga hafa á að sýna og selja sínar vörur á markaðnum vinsamlegast hafið samband við Rúnar

í síma/netfang [896-3112/runar@skogur.is](mailto:896-3112/runar@skogur.is) fyrir 8.  
nóvember n.k.

Takmarkað pláss í boði.

Skógræktin Vöglum

